



ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Apríl 2025


Fylgi flokka ef kosið yrði til **Alþingis** í dag




Stuðningur við ríkisstjórn



Stuðningur við stjórnarflokka



Fylgismæling - afstaða



Litlar breytingar á fylgi flokka

Litlar breytingar eru á fylgi flokka milli mælinga. Þær eru á bilinu **0,2-1,0** prósentustig og ekki tölfræðilega marktækar. Slétt **27%** kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag, rösklega **22%** Sjálfstæðisflokkinn, tæplega **15%** Viðreisn, rúmlega, **9%** Miðflokkinn, nær **8%** Flokk fólksins, næstum **6%** Framsóknarflokkinn, rösklega **5%** Sósíalístaflokkinn, **4%** Pírata, ríflega **3%** Vinstri græn og tæplega **1%** aðra flokka. Fylgi Flokks fólksins mældist 6,9% fyrir afsögn Ásthildar Lóu Þórsdóttur, mennta- og barnamálaráðherra, en 8,8% eftir hana.

Liðlega **5%** myndu skila auðu eða ekki kjósa og næstum **12%** taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Um **66%** þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina.

Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 3. - 31. mars 2025. Heildarúrtaksstærð var 10.324 og þátttökuhlutfall var 47,5%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,5-1,4%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drifa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.